



Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyja

Ráðhúsinu, 902 Vestmannaeyjum, kt. 690269-0159, sími 488-2000, fax 488-2002

TILVÍSANIR TIL SKÓLAÞJÓNUSTU

Leiðbeiningar

Uppfært 26.2.2021

Leiðbeiningar um tilvísun til sérfræðipjónustu

Samkvæmt reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga nr. 584/2012, 11. gr. geta foreldrar nemenda í leik- og grunnskóla óskað eftir athugun og ráðgjöf fyrir börnin sín. Auk þess geta skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, eða eftir atvikum annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslu, lagt fram ósk um sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra.

Áður en máli er vísað til sérfræðipjónustu skal ganga úr skugga um að skóli hafi þegar brugðist við vanda barnsins eftir markvissri áætlun um stuðning. Íhuga skal hver tilgangur tilvísunar sé og hvaða væntingar eru gerðar til sérfræðipjónustu. Mikilvægt er að kennari fái upplýsingar frá foreldrum um það hvernig vandinn birtist heima fyrir.

Allar beiðnir um ráðgjöf og athuganir til skólapjónustu fara í gegnum nemendavernarráð. Áður en tilvísunarferli er hafið, skal vísa máli barns formlega til umfjöllunar í nemendaverndarráði á þar til gerðu tilvísunarblaði. Skólastjórnandi heldur utan um gögn og gætir þess að þau séu rétt út fyllt. Mál barns er kynnt fulltrúum ráðsins og viðeigandi pappírar lagðir fram. Þverfaglegt ráðgjafateymi skólapjónustu fer yfir tilvísanir sem berast, leita lausna og taka ákvörðun um næstu skref. Fræðslufulltrúi áskilur sér þann rétt að neita viðtöku beiðna ef gögnum er áfátt. Fræðslufulltrúi tilkynnir skólastjórnendum og foreldrum niðurstöðu teymisins. Þá áskilur skólaskrifstofa sér rétt til að leita ráðgjafar utan ráðsins áður en endanleg ákvörðun er tekin um framhaldið.

Í kjölfar athugunar sérfræðipjónustu eru foreldrum kynntar niðurstöður, áður en þær eru afhentar skóla. Niðurstöðum er skilað með skýrslu, skilaviðtali við foreldra og formlegum skilafundi með skóla. Á fundinum er farið yfir viðeigandi úrræði og ráðleggingar matsaðila.

Endurmat

Þegar óskað er eftir endurmati er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga: Hvenær fór síðasta athugun fram og hverjar voru helstu niðurstöður athugunar? Hver er staða barnsins nú (framför/afturför)? Eru niðurstöður síðustu athugunar enn lýsandi fyrir hegðun/líðan barnsins, ef ekki hvað hefur breyst? Hefur verið unnið eftir ráðleggingum sérfræðings? Hverjar eru væntingar tilvísanda til endurmats? Mikilvægt er að gert sé grein fyrir þessum atriðum á tilvísunarblaði.

FERILL

- Máli barns skal vísa skriflega til nemendaverndarráðs þar sem tilvísunarástæða er skilgreind og hvaða væntingar eru til sérfræðipjónustu. Gæta skal þess að pappírar séu undirritaðir af forráðamönnum og öll fylgigögn séu með. Fræðslufulltrúi áskilur sér þann rétt að neita viðtöku beiðna ef gögnum er áfátt.
- Málefni barnsins er tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi og kynnt fulltrúum ráðsins. Fræðslufulltrúi móttekur gögn fyrir hönd skólaþjónustunnar.
- Ráðgjafateymi skólaþjónustunnar fer yfir tilvísanir, tekur afstöðu til þeirra og flokkar eftir forgangi.*
- Fræðslufulltrúi upplýsir foreldra og skólastjórnendur um niðurstöðu ráðgjafateymis.
- Starfsmaður fjölskyldu- og fræðslusviðs leitar frekar upplýsinga hjá foreldrum og skóla ef þurfa þykir og setur upp áætlun um inngrip á biðtíma.



*FORGANGUR-RÖÐ

1. Grunur um alvarlega þroskahömlun

- i. Leikskólabarn
- ii. Grunnskólabarn

2. Grunur um einhverfu

- i. Leikskólabarn
- ii. Grunnskólabarn

3. Þroskahömlun (væg/miðlungs)

- i. Grunnskólabarn
- ii. Leikskólabarn

4. Grunur um ADHD/ADD

Tilvísanir í þessum flokki eru ekki samþykktar strax. Barn fer strax á biðlistann ef það er mat teymis að málið þurfi að skoða. Ráðgjafi á sviði tekur við málinu þar til komið er að barni hjá sálfræðingi og þá er staðan metin áður en tilvísun er endanlega samþykkt.

- i. Grunnskólabarn-einkenni hamlandi
- ii. Leikskólabarn-verulega hamlandi einkenni
- iii. Grunnskólabarn-ekki hamlandi
- iv. Leikskólabarn